

Nd.

208. Frumvarp til laga

[93. mál]

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir visindalegu eftirliti.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi skulu veiðar með dragnót bannaðar með þeim undantekningum, er í næstu málsgrein segir.

Íslenzkum fiskiskipum, sem minni eru en 35 rúmlestir brúttó, skal með þeim takmörkunum, sem ráðuneytið setur, heimilt að veiða með dragnót innan fiskveiðilandhelginnar á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert. Um dragnótaveiðar skipa, sem eru 35 rúmlestir eða stærri, fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni, þegar veitt er. Um gerð dragnóta skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

2. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal falið að fylgjast stöðugt með veiðum þeim, er hér um ræðir, og gera ráðuneytinu þegar viðvart, ef hætta þykir á, að þær gangi of nærri stofni nytjafiska eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða.

Að fengnum tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, er ráðuneytinu heimilt að takmarka hverju sinni veiðiskipafjölda á ákveðnum, tilteknum veiðisvæðum. Einnig skal ráðuneytinu heimilt, að fengnum tillögum

sömu aðila, að banna dragnótaveiðar á tilteknum svæðum eða í allri fiskveiðilandhelginni hluta af hinu leyfða veiðitímabili, eða alveg fyrir eitt ár í senn, ef líklegt þykir, að fiskistofninn sé í hættu fyrir ofveiði.

3. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að króa af síld og ufsa við land, svo sem tíðkæpt hefur eftir fyrir mælum tilskipunar 12. febr. 1872, svo og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

Eftir sérstöku leyfi ráðuneytisins, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir, sem fást við vísindalegar rannsóknir, fengið að nota dragnætur í landhelgi.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum 500—5000 gullkrónum. Skulu þá öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur aflí innanborðs upptæk.

Leggja má lögöld á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkníngar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

5. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við ólöglegar dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi við Ísland eða liðsinnir því við slíkar veiðar eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum 500—5000 gullkrónum. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er á dragnótaveiðiskipi eða á bát við skipsfliðina, þegar það er við ólöglegar veiðar, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

6. gr.

Skipstjóri, sem gerir sig sekan í itrekuðu broti gegn 1. gr., skal auk refsíngar þeirrar, er getur um í 3. gr., sæta fangelsi eigi skemur en í tvo mánuði. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr. auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 4. gr.

7. gr.

Á því tímabili, sem dragnótaveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr., er skipum, sem eru að stærð undir 35 rúmlestum brúttó, bannað að hafa dragnætur um borð utan hafnar.

8. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri rennur í Fiskveiðasjóð Íslands.

9. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðuneytið getur með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta og lengd dráttarlína svo og um lágmarksstærð þess físk, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi. Enn fremur má í reglugerð banna að hnýta net með minni möskvastærð en reglugerðin ákveður að nota megi til veiða.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, og eigi eru refsíngar lagðar við í 4. og 5. gr. laganna varða sektum frá 1000—10000 kr.

12. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, og reglugerðar nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við þá reglugerð, taka ekki til dragnótaveiða samkvæmt þessum lögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flatfiskur sá, sem heldur sig á fiskimiðunum umhverfis Ísland, hefur, svo sem kunnugt er, lítið verið nytjaður af landsmönnum sjálfum nú um nokkurt árabíl. Engu að síður hefur veiði þeirra fisktegunda, sem hér er um að ræða, en það eru aðallega skarkoli, þykkvalúra og langlúra, staðið með miklum blóma hin síðustu ár og aflamagnið farið stöðugt vaxandi.

Í alþjóðlegum fiskiskýrslum er t. d. talið, að skarkolaveiðin á Íslandsmiðum hafi meira en tvöfaldast á því síðasta 5 ára tímabili, sem skýrslur liggja fyrir um, eða vaxið úr 4563 lestum 1953 í 9603 lestir 1957. En hlutdeild Íslendinga sjálfra í veiði þessari er sáralítill, eða frá 7.5% niður í 3.3%. Langmestur hluti veiðanna hefur því fallið útlendingum í skaut, og eru Bretar þar stærstur aðili.

Skýrslur liggja ekki fyrir um það, hvar á hinum íslenzku miðum veiðar þessar hafa farið fram, en ætla má, að veiðisvæðin liggi öll innan hinnar nýju 12 mílna fiskveiðilandhelgi og ekki verði lengur um að ræða neina teljandi flatfiskveiði af hálfu útlendinga á okkar miðum.

Þetta leggur Íslendingum á herðar þá siðferðisskyldu að framkvæma nú sjálfir þær veiðar, sem eðlilegar eru á þessu sviði, því að enginn mun hafa ætlað til þess, að flatfisksstofnarnir, sem gefa af sér verðmætasta fiskmetið, er á miðum okkar fæst, eigi eftir stækkun landhelginnar engum matvælum að skila á heimsmarkaðinn eða að fiskur þessi eigi ósnertur að biða ellidauða ánytjaður.

Til þess að gera landsmönnum kleift að veiða flatfiskinn verður að leyfa notkun þess veiðarfæris, sem tiltækilegast er, en það er dragnótin. Án hennar verður ekki um neinar verulegar flatfiskveiðar að ræða, eins og nú standa sakir, þar eð veiðitækni, sem að gagni getur hér talizt, er engin önnur þekkt heldur en dragnót eða botnvarpa.

Dragnótaveiðar yfir sumarmánuðina samrýmast líka mjög vel eðlilegri notkun hinna smærri fiskibáta, þar eð þá skortir einmitt verkefni við hæfi á þeim tíma. Slíkar veiðar mundu einnig bæta mjög atvinnuhætti í mörgum útgerðarstöðvum víðs vegar á landinu, auka á atvinnuöryggi verkafólks og leggja frystihúsunum til arðbær verkefni einmitt á þeim árstíma, sem mörg þeirra skortir hráefni.

Þá er ekki minnst um það vert, að með skynsamlegri nýtingu flatfisksins og annars þess afla, er í dragnót fæst, mundi hagar íslenzka þjóðarbúsins stórbatna, og er hæfilega takmarkað leyfi til dragnótaveiða ekki síður tiltækileg efnahagsráðstöfun en margt af því, sem fyrir Alþingi hefur verið lagt og talið nauðsynlegt til að leysa fjárhagslegan vanda.

Á árunum eftir 1930 og allt fram til 1952 voru hér stundaðar dragnótaveiðar, sum árin í allstórum stíl. Þegar veiðar þessar urðu hvað mestar upp úr hinni síðari heimsstyrjöld og jafnhliða veiðum Íslendinga var mikill ágangur erlendra tog- og dragnótaskipa við þessar veiðar alveg upp að gömlu þriggja mílna landhelginni (og raunar einnig innan við hana), varð greinilega vart ofveiði hæði á flatfiski og ýsu.

Af þessum sökum settist að í hugum margra manna andúð á dragnótinni sem veiðarfæri, og munu þeir enn vera nokkrir, sem telja veiðarfæri þetta til einskis

gagns, en aðeins til óþurftar. En þegar tekið er fullt tillit til þess, að hinir eitt sinn ofveiddu fiskistofnar hafa nú rétt við og þola aukna veiði, og þess að auki, að nú má ætla, að ofveiðihættan af völdum útlendinga sé úr sögunni, verður nú að telja hina algeru fordæmingu á dragnótinni ranga og óeðlilega.

Allrar aðgæzlu er þó þörf um framkvæmd veiðanna, og með tilliti til reynslu liðinna ára verður að teljast rétt, að opinbert og visindalegt eftirlit sé með þeim haft. Fiskideild atvinnudeildar háskólans er ætlað það hlutverk samkvæmt frumvarpi þessu. En ég tel, að fullsannað sé á síðustu árum, að óviturlegt sé að viðhalda algeru banni gegn veiðum þessum. Fiskistofnar þeir, sem dragnótaveiðarnar taka til, þola sannanlega miklu meiri veiði en við Íslendingar höfum framkvæmt síðustu árin, og að álit fjölmargra fiskimanna og einnig allra þeirra fiskifræðinga, er ég hef séð álit frá um mál þetta, hníga rök að því, að leyfa beri takmarkaðar dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Á síðastliðnu hausti leitaði sjávarútvegsmálaráðuneytið álits Árna Friðrikssonar fiskifræðings og fiskideildar atvinnudeildar háskólans um það, hvort leyfa beri einhverjar dragnótaveiðar í landhelginni.

Í álit Árna Friðrikssonar segir:

„... það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið.“

Í álit fiskideildarinnar segir:

„... það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenskri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna.“

Báðir þessir aðilar benda þó á nauðsyn þess að takmarka leyfi til veiðanna við eðlilega nýtingu fiskistofnanna og að hamlað sé gegn því, að til ofveiði geti komið, og skal efni álitsgerðanna ekki rakið hér frekar, enda eru þær í heild prentaðar með greinargerð þessari sem fylgiskjöl.

Um dragnótaveiðar í landhelgi giltu lög nr. 45 frá 1937 allt fram til þess, er þau voru gerð óvirk með reglugerð ráðuneytisins nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiðanna umhverfis Ísland (reglugerðinni um 4 mílna fiskveiðitakmörkin), og síðar með reglugerðinni nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, er kom í hennar stað.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum sniðið eftir lögum nr. 45 frá 1937. Þó eru hér reistar nokkru meiri skorður við, að til hóflausra veiða komi.

Fylgiskjal I.

Umsögn um dragnótaveiðar í landhelgi Íslands.

Varðandi bréf hins háa ráðuneytis, dags. 27. september 1958, þar sem óskað er álits míns á dragnótaveiðum í landhelgi Íslands, skal þetta tekið fram:

Þegar Faxaflóanefndin starfaði fyrir 20 árum, var safnað skýrslum um þann aflu, er barst hraðfrystihúsunum frá dragnótabátafлотanum. Rétt fyrir styrjöldina, þegar dragnótaveiðar stóðu með sem mestum blóma (1938), bárust hraðfrystihúsunum nærri 4000 sml. af fiski á einu ári, og af því nam skarkoli yfir 40%, en næst kom þykkvalúra með rúmlega 15% af veiðinni. Þetta ár var samsetning dragnót aflans eftir tegundum og landshlutum eins og sýnt er í 1. töflu, og sést þar, á hvaða tegundum veiðin byggðist við ýmsa hluta landsins.

Þegar enskir togarar hófu sókn á Íslandsmið 1892, hafa verið hér óhemju uppgrip af skarkola. Þessar nýju veiðar byggðust því nær einvörðungu á skarkola, nær því öllum öðrum fiski var hent í sjóinn aftur fyrst í stað. Því miður eru ekki til heimildir um veiðimagnið frá fyrstu árum togveiðanna, en í 2. töflu er sýnd heildarveiði af skarkola á Íslandsmiðum síðan 1906. Taflan gefur í skyn, að skar-

kolastofninn hefur ekki farið að láta undan fyrir alvöru fyrr en eftir 1907, þegar sótt hafði verið í hann hlífðarlaust í 15 ár, lengi framan af alveg upp í landsteina. Taflan sýnir einnig, svo að ekki verður um villzt, að þrátt fyrir það, að skarkolastofninn hefur verið ofveiddur hvað eftir annað, hefur hann einatt rétt sig upp að nýju, þegar lát hefur orðið á sókninni. Þessi staðreynd hefur sýnt sig ljóslega síðastliðin 50 ár í þrjú skipti: 1) eftir heimsstyrjöldina fyrri, 2) eftir síðari heimsstyrjöldina og 3) eftir að skarkolinn friðaðist við útfærslu fiskveiðalandhelginnar 1952.

Árið 1957 veiddust 9603 smálestir af skarkola við Ísland (2. tafla). Þetta er meiri heildarveiði en nokkurt annað ár síðan 1906, að undanteknum þremur árum (1906, 1920 og 1949), þrátt fyrir það að öll beztu kolamiðin voru ónytjuð 1957.

Síðan fiskveiðamörkin voru færð út 1952, hefur skarkolastofninn aukizt stórlega, eins og sjá má af þessu. Aðrir fiskistofnar, sem dragnótaveiðar byggjast mjög á, hafa einnig aukizt mjög, eins og sýnt er í 3. töflu, þar sem gerður er samanburður á árunum eftir 1952 og árinu 1938. Það sýnir sig t. d., að 1957 veiddist meira en þrefalt af ýsu samanborið við 1938.

Með tilvisun til þess, er að framan greinir, verður að mæla eindregið með því, að Íslendingum verði heimilað að beita dragnót í landhelgi. Eftir að fiskveiðalínan við Ísland hefur verið færð stórlega út á ný, er þess enginn kostur að ná til sumra verðmætustu fisktegundanna hér við land, svo að neinu nemi, nema með því að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi. Eina markmiðið með fiskifriðun er að sjálf-sögðu það að ná af fiskistofnunum sem mestum arði, en ekki hitt, að láta þá verða ellidauða. Þegar veiðast nær því 10000 smálestir af skarkola á ári, eins og nú er, — en það er meira en tvöfalt á við það, sem öllum hraðfrystihúsum á Íslandi barst af öllum fiski árið 1938, — þrátt fyrir það að öll beztu skarkolamiðin eru lokuð, hljóta nú að vera uppgrip af þessum fiski við strendur landsins. Það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið.

Um notkun og skilgreiningu dragnótár vísast til reglugerðar, sem atvinnuáráðuneytið gaf út 14. maí 1937. Vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur síðan um þol þeirra tegunda, sem dragnótaveiðar byggjast á, væri ráðlegt að stilla veiðunum í hóf og hafa samráð við fiskideild atvinnudeildar háskólans og Fiskifélag Íslands um ýmis ákvæði. Ég tel þó, að möskvastærðin megi vera 120 mm, eins og hún er skilgreind í reglugerðinni, og lágmarksstærðir á fiski svipaðar og þar greinir. Veiðitími ætti að miðast við friðun skarkólans um hrygningartímamann og verðgildi hans fyrir markaðinn á ýmsum tímum árs, en í samræmi við það mætti leyfa veiði frá 1. júní við S-, SV- og NV-landið, en frá 15. júní eða 1. júlí við N- og A-land. Lokamörkin mættu vera 30. nóvember.

Til þess að tryggja yngsta fiskinum friðland mætti banna veiðar í fjörðum, t. d. fyrir innan línu, þar sem fjörður eða vík er minna en 10 sjómílur á breidd.

Þar sem dragnótaveiðar eðli sínu samkvæmt eiga að vera lyftistöng smábáta-útgerðar og iðjuvera víðs vegar í kaupúnum landsins, þyrfti þegar frá upphafi að stemma stigu við ofsókn og ofurkappi, er mættu verða til skemmdar. Við slíku mætti sporna með því að miða veiðarnar við leyfi, er væri tímabundið og staðbundið fyrir hvern bát, og takmarka um leið stærð bátanna. Að því er staðbindinguna varðar gætu ýmsar markalínur komið til greina, til dæmis mætti skipta miðunum þannig:

1) Eystra Horn—Reykjanes, 2) Reykjanes—Öndverðarnes, 3) Öndverðarnes—Bjargtangar, 4) Bjargtangar—Straumnes, 5) Straumnes—Langanes og 6) Langanes—Eystra Horn. Hafa mætti smærri svæði, ef henta þætti, en aðalatriðið væri að miða staðbindinguna við það, að aðalmiðin hagnýttust sem bezt frá næstu iðjuverum í landi.

Það er eindregið álit mitt, að notkun dragnóta við Ísland miði til mikilla heilla

fyrir land og lýð. Búast mætti þó við andstöðu úr ýmsum áttum, eins og ávallt, þegar um stórmál er að ræða. Til þess að lægja mótbárur mætti ef til vill beita rökum þeim, sem færð eru fram í bæklingnum: Skarkolaveiðar Íslendinga og drag-nótin, Rvk. 1932.

Með sérstakri virðingu,

Árni Friðriksson.

Hellerup, 22. október 1958.

Til atvinnu- og sjávarútvegsmálaráðuneytisins,
Reykjavík.

1. tafla. Dragnótaafli Íslendinga til hraðfrystihúsa 1938, talinn í smálestum.

Eftir skýrslu Faxaflóa-nefndar.

Tegund	Suðvesturland	Faxafl.	Breiðafj.	Vestfirðir	Norðurland	Austfirðir	Samtals
Skarkoli	146.5	551.5	158.8	326.3	290.5	166.0	1639.6
Sandkoli	—	3.2	—	0.6	—	—	3.8
Þykkvalúra	435.4	201.4	4.1	2.2	9.5	1.1	653.7
Langlúra	102.0	36.2	—	2.8	1.4	—	142.4
Stórkjaftha	20.6	14.7	—	0.1	2.3	0.1	37.8
Flyðra	24.1	59.0	8.2	15.7	24.7	3.6	135.3
Þorskur	16.6	662.1	88.5	34.1	64.1	—	865.4
Ýsa	29.9	234.3	4.8	27.6	19.5	—	316.1
Steinbitur	2.9	93.5	10.8	—	23.3	—	130.5
Skata og lóskata	2.4	48.9	1.4	3.1	2.3	—	58.1
Samtals	780.4	1904.8	276.6	412.5	437.6	170.8	3982.7

2. tafla. Heildar-ársveiði af skarkola við Ísland árin 1906—1957.

Ár	Smálestir	Ár	Smálestir
1906	9836	1932	6398
1907	9075	1933	4642
1908	6747	1934	4670
1909	5522	1935	5337
1910	4934	1936	5149
1911	5552	1937	5567
1912	6733	1938	4150
1913	5565	1939	1998
1914	4205	1940	3647
1915	2506	1941	2799
1916	303	1942	6023
1917	41	1943	3458
1918	202	1944	3227
1919	6803	1945	3290
1920	10368	1946	4366
1921	6014	1947	7237
1922	5872	1948	9310
1923	6266	1949	10572
1924	5697	1950	9172
1925	6301	1951	8439
1926	6526	1952	5578

Ár	Smálestir	Ár	Smálestir
1927	7881	1953	4693
1928	6455	1954	5663
1929	6563	1955	7733
1930	8278	1956	7888
1931	8497	1957	9603

Meðal-ársveiði 5 ára tímabila og árána 1956—1957.

1906—10	7223	1936—40	4102
1911—15	4912	1941—45	3759
1916—20	3903	1946—50	8131
1921—25	6030	1951—55	6421
1926—30	7137	1956—57	8745
1931—35	5909		

3. tafla. Heildarveiði við Ísland af kolategundunum, ýsu og steinbít árin 1938 og 1953—57, talinn í smálestum.

Tegundir	Eftir Bull. Stat.					
	1938	1953	1954	1955	1956	1957
Skarkoli	4150	4693	5663	7733	7888	9603
Sandkoli	626	498	497	469	469	536
Þykkvalúra	2257	1628	1605	1329	1484	2578
Langlúra	1166	594	778	775	782	1092
Stórkjafta	415	673	698	597	559	710
Ýsa	24948	53295	62056	64341	61898	76413
Steinbitur	10795	24041	15922	14681	17928	22337
Samtals	44357	85422	87219	89925	91008	113269

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS · FISKIDEILD

Reykjavík, 5. nóvember 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið,
Reykjavík.

Umsögn fiskideildar um dragnótaveiðar í íslenskri landhelgi.

Fiskideildinni hefur borizt bréf sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags 27. sept. s. l., varðandi dragnótaveiðar í landhelgi Íslands.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að útfærsla landhelginnar 1952 hefur haft veruleg áhrif á fiskistofnana á grunnmiðum. Hefur fiskideildin haldið uppi kerfisbundnum athugunum á þessu atriði síðan 1952 og borið árangurinn af þeim athugunum saman við rannsóknir fyrri ára.

Í bréfi til sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 16. nóv. 1956, gerði ég nokkra grein fyrir ástandinu fram að þeim tíma og sendi með bréfi því sem fylgiskjöl grein- ar um málið eftir Aðalstein Sigurðsson og undirritaðan.

Skal nú fyrst gerð nokkur grein fyrir ástandi þeirra tveggja tegunda, sem mesta þýðingu munu hafa í væntanlegri dragnótaveiði, en það eru ýsa og skarkoli.

Ýsa. Ýsan er sú tegund íslenskra nytjafiska, er sýnt hefur einna greinilegust merki ofveiði. Einkenni ofveiði eru með ýmsu móti. Almenn er talið, að síminnkandi meðallengd tegundarinnar sé nokkuð öruggt merki, og sé samfara þessu minnkandi aflamagn miðað við sömu fyrirhöfn, t. d. 100 togtíma, þarf ekki frekar vitnanna við. Því miður eru fiskiskýrslur okkar ekki enn þá það fullkomnar, að við getum

reiknað út aflamagn á 100 togtíma; verður því að notast við aflaskýrslur Breta um þetta atriði í því, sem á eftir fer.

Segja má, að ýsustofninn íslenski hafi verið orðinn ofveiddur þegar fyrir fyrri heimsstyrjöldina, og kemur það m. a. fram í því, að dagveiði Breta féll úr 12 vættum árið 1911 niður í 5 vættir árið 1914. Vegna friðunar fyrri heimsstyrjaldarinnar náði stofninn sér þó upp aftur, og var dagveiðin komin upp í 21.4 vætt árið 1919. Eftir það fór aftur að síga á ógæfuhliðina, og minnkaði aflinn ár frá ári og var 1937 kominn niður í 5 vættir á dag. Sé notast við aflamagn á 100 togtíma, en það er sá mælikvarði, sem nú tíðkast, var veiði Breta 243 vættir árið 1922, en árið 1937 var hún komin niður í 71 vætt.

Síðari heimsstyrjöldin hafði sömu áhrif á stofninn og sú fyrri, og kom það fram í stórauðinni veiði Breta að stríðinu loknu. Árið 1946 var afli þeirra 358 vættir á 100 togtíma, en árið 1952 var hann kominn niður í 169 vættir. Þess má einnig geta, að samhliða þessari minnkun í aflamagni jókst mjög veiðihæfni brezku togaranna eins og þeirra íslensku. Er því ekki fjarri lagi að ætla, að stofninn hafi verið kominn á sama stig 1952 og árið 1937.

Samkvæmt brezku fiskiskýrslunum fer aflamagnið á 100 klst. vaxandi eftir 1952, en þó hægt. Hin óheillavænlega þróun veiðanna eftir stríð virðist þó greinilega vera stöðvuð, og eldri hluti stofnsins er smátt og smátt að rétta við.

Rannsóknir okkar á yngri hluta stofnsins, á uppeldisstöðvunum, hafa hins vegar leitt í ljós, að viðbragð hans var mjög svo líkt því, sem til var ætla.

Eftirfarandi tafla frá rannsóknunum í Faxaflóa sýnir greinilega áhrif friðunarinnar á ýsustofninn.

Ár	Meðallengd cm	Meðalþyngd kg	Fjöldi á togtíma	Kg. á togtíma
1924—1948	31.4	0.33	257	85
1953	41.5	0.85	949	807
1954	51.3	1.62	644	1043
1955	49.4	1.44	417	601
1956	50.5	1.55	347	538
1957	40.4	0.77	1010	778

Áhrif friðunarinnar koma skýrt fram í aukningu meðallengdarinnar. Hver einstaklingur er orðinn stærri og verðmætari fiskur, þegar hann veiðist. Árið 1955 er meðalþyngd ýsunnar t. d. tæplega sjö sinnum meiri en meðalþyngdin á árunum 1924—1948. Samtímis þessu hefur fjöldinn á togtíma aukizt mjög, og var hann að meðaltali um níu sinnum meiri á árunum 1953—1957 en á tímabilinu 1924—1948.

Þessi dæmi ættu að nægja til þess að sýna, að stofninn hefur rétt verulega við. Í næstu töflu er sýnd þróun ýsuveiðanna á Íslandsmiðum eftir síðari heimsstyrjöldina.

Ár	Ísland	Heildarýsuveiði	Hluttur Íslands (%)
1937	4053	24680	16.4
1945	12104	—	—
1946	14120	—	—
1947	18601	32984	56.4
1948	24862	51905	47.9
1949	29264	66537	44.0
1950	27099	60373	44.9
1951	22173	54351	40.8
1952	15166	44952	33.7
1953	14954	53295	28.1
1954	21324	62056	34.4
1955	21703	64341	33.7
1956	22054	61898	35.6
1957	—	76413	—

Taflan sýnir í fyrsta lagi, hve mikla þýðingu friðun stríðsáranna hafði fyrir ýsustofninn, en hún sýnir einnig, að heildarveiðin og veiði Íslendinga dróst mjög saman eftir 1949. Eftir lokunina 1952 má segja, að stofninn hafi rétt mjög við, og árið 1957 náði heildaraflinn algeru hámarki, en þá voru árgangar þeir, sem notið hafa friðunarinnar, að koma í gagnið fyrir alvöru.

Árið 1937 var ýsuveiðin á Íslandsmiðum 10.5% af heildarýsuveiði Evrópu, en árið 1956 nam afli sá af ýsu, er fékkst við Ísland, 18.7% af heildarveiðinni. Sé sóknin á Íslandsmið mæld með samanlögðum ferðafjölda enskra og þýzkra togara, kemur í ljós, að 1937 var hann 4367 ferðir, en ekki nema 2432 árið 1956, eða um 56% af ferðunum 1937. Aukning heildaraflans er því ekki árangurinn af meiri heildarsókn, heldur er hér um að ræða stórlega aukningu sjálfs ýsustofnsins, þótt tekið sé tillit til aukinnar veiðihæfni togaranna og aukningar íslenzka fiskveiðiflotans.

Það, sem hér hefur verið sagt, er miðað við ástandið eins og það var með 4 mílna fiskveiðilandhelgi. Með fjarveru útlendinga frá svæðinu innan 12 mílna er mikið létt sókninni í þennan stofn, og má því segja, að hann sé ekki fullnytjaður eins og nú er.

Skarkoli. Skarkolastofninn við Ísland hefur löngum verið talinn eitt hinna sígildu dæma um ofveidda fiskistofna. Á árunum 1922 til 1937 féll veiði Breta úr 56 vættum í 18 vættir á 100 togtímum. Síðari heimsstyrjöldin hafði mikil áhrif á þennan fiskistofn, og má nefna, að árið 1947 var veiði Breta 83.6 vættir á 100 togtímum. En sagan endurtók sig fljótlega, og var svo komið árið 1953, að stofninn gaf einungis af sér 25.9 vættir á 100 togtímum. Áhrif friðunaraðgerðanna 1952 á stofn þennan eru stórkostlegar. Árið 1954 jókst aflinn í 34 vættir á 100 togtíma, árið 1955 var hann kominn upp í 56 vættir og 1956 var hann orðinn 61 vætt.

Áhrif friðunarinnar á stofninn í Faxaflóa koma skýrt fram í eftirfarandi töflu:

	1924—1948	1954—1957
Meðalfjöldi á togtíma	73.4	299.0
Lágmarksfjöldi á togtíma	19.8	197.0
Hámarksfjöldi á togtíma	155.6	395.1
Lágmarks-meðalstærð	25.0	36.1
Hámarks-meðalstærð	33.6	39.1
Meðal-meðalstærð	29.3	37.8
Meðalafli (kg) á togtíma	22.0	185.4

Tafla þessi talar sínu máli og þarf ekki mikilla skýringa við. Meðalafllinn á togtíma hefur aukizt 8.4 sinnum, og liggja aðallega til þess tvær orsakir. Fjöldinn hefur aukizt meira en þrefalt, en auk þess er meðalstærð fisksins orðin 8.5 cm hærri. Meðalþyngd einstaklinganna í veiðinni var 300 grömm á fyrra tímabilinu, en var orðin 620 grömm á seinna tímabilinu.

Merkingar í Faxaflóa hafa greinilega sýnt, að skarkolinn leitar út úr flóanum, þegar hann hefur náð ákveðnum þroska, og er mjög náð samband á milli aukningarinnar í veiði Breta og magnsins af fiski í Faxaflóa.

Næsta tafla sýnir þróun skarkolaveiðanna við Ísland eftir styrjöldina.

Það er greinilegt, að friðun stríðsáranna hefur haft mikil áhrif á heildarveiðina eftir stríð. Á stríðsárunum sóttu Íslendingar svo til einir í þennan stofn. Á árunum 1941—45 var árleg meðalveiði 3759 tonn, og þá veiði virðist stofninn vel hafa þolað. Árleg meðalveiði á árunum 1930—1937 var hins vegar 6067 tonn, en þá veiði þoldi stofninn ekki.

Ár	Ísland	Heildarveiði	Hlutfur Íslands (%)
1937	1565	5567	28.1
1945	3193	3290	97.1
1946	2638	4366	60.4
1947	3363	7237	46.5
1948	4730	9310	50.8

Ár	Ísland	Heildarveiði	Hluttur Íslands (%)
1949	5334	10572	50.5
1950	3834	9172	41.8
1951	4183	8439	49.6
1952	1457	5578	26.1
1953	350	4653	7.5
1954	289	5663	5.1
1955	259	7733	3.3
1956	515	7888	6.5
1957	—	9603	—

Árleg meðalveiði á tímabilinu 1947—1952 var 8385 tonn, og það álag þoldi stofninn greinilega ekki. Þó ber að geta þess, að á þessu tímabili fór veiðin að verulegu leyti fram á grunnmiðum og voru aðaluppeldisstöðvar skarkolans ákaft nýttar.

Á tímabilinu 1953—1957 var árleg meðalveiði 7116 tonn, og virðist stofninn hafa þolað það, því að veiðin jókst allt tímabilið. En nú beindist sóknin að eldri hluta stofnsins, sem heldur sig utan 4 mílna markanna, en uppeldisstöðvarnar voru ekkert snertar. Mestur hluti heildarveiðinnar fellur á Breta, t. d. 86% árið 1956, en hlutur Íslendinga er hins vegar mjög aumur, eins og taflan að framan ber með sér. Fram að 1952 tóku Íslendingar um helming heildaraflans, en eftir það hefur hlutur okkar verið frá 3.3% í 7.5% heildaraflans.

Fjarvera útlendra veiðiskipa á öllu svæðinu innan 12 mílna létir mjög sóknina á skarkolastofninn, því að mestur hluti veiðinnar hefur farið fram á þessu svæði.

Af því, sem að framan er sagt, verður að mæla eindregið með því, að ýsu- og skarkolastofnarnir verði betur nýttir af Íslendinga hálfu en gert hefur verið undanfarin ár. Stofnarnir hafa rétt svo við, að skynsamleg nýting þeirra er orðin aðkallandi. Hóflæg veiði gerir meira gagn en engin eða of lítil veiði. Markmið friðunar- aðgerða okkar er vitaskuld, að stofnarnir gefi af sér hámarksarð.

Það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna. En það er rétt að fara að öllu með gát, og skal því hér á eftir minnt á það helzta, sem máli skiptir um framkvæmd veiðanna.

Möskvastærð. Af rannsóknnum undanfarinna ára er vitað, að dragnót hlífir heldur betur ungvíðinu en botnvarpan, að öllu öðru jöfnu. Þess vegna er gert ráð fyrir 100 mm möskvastærð í dragnót í samningunum frá 1946 um möskvastærð við Ísland, en 110 mm í botnvörpu.

Mér virðist þó 100 mm möskvi of smár fyrir dragnót; 120 mm er nær sanni. Aukning möskvastærðarinnar er ákaflega þýðingarmikil til friðunar ungvíðsins, en hæfni hinna einstöku fisktegunda til þess að smjúga möskvann er mjög mismunandi. Skarkolinn er t. d. miklu breiðari en ýsan, og á hann því tiltölulega erfiðara að smjúga möskvann en hún.

Kjörlengd er nefnd sú lengd fiskisins, þar sem 50% sleppur út um möskvann og 50% verður eftir í pokanum, og sé þessi lengd þekkt fyrir ákveðna möskvastærð, er hægt að reikna hana út fyrir hvaða aðra möskvastærð sem vera skal. Skal hér sýnd kjörlengd ýsu og skarkola með þeim möskvastærðum, sem til greina koma.

Möskvastærð	Kjörlengd í cm	
	Ýsa	Skarkoli
100	39.0	22.0
110	42.9	24.2
120	46.8	26.4
130	50.7	28.6
140	54.6	30.8

Með 120 mm möskvastærð mundi allmikið af 5 ára ýsu og allt yngra sleppa. Má það teljast allgott frá fiskifræðilegu sjónarmiði.

Skarkolinn hefur ekki sama gagn af möskvastærðinni og ýsan, eins og taflan sýnir ljóslega. Með 120 mm möskva sleppur meginhluti þriggja ára fisks, en ekkert af honum er orðið kynþroska.

Til þess að draga úr sókninni í smákolann þykir rétt að leggja til, að lágmarksstærð hans verði aukin úr 25 cm í 30 cm og verði gengið ríkt eftir, að því ákvæði verði hlýtt. Þyrfti reyndar að taka ákæðin um lágmarksstærð annarra tegunda til athugunar líka.

Með hliðsjón af reynslu okkar um skarkolaveiðina verður að teljast mjög æskilegt, að heildarveiðinni verði haldið undir ákveðnu marki. Það er að visu erfitt að segja nákvæmlega fyrir um, hver heildarveiðin megi vera, en betra er að setja hana of lágt en of hátt. Eins og að framan getur, þoldi stofninn ekki, að tekið væri úr honum að meðaltali rúm 8 þúsund tonn árlega eftir síðustu heimsstyrjöld. Hinar væntanlegu dragnótaveiðar munu aðallega verða stundaðar á grunnmiðum, fjörðum og flóum og munu því án efa taka meira af ungfiskinum en nú er gert. Við verðum því að miða takmarkanir okkar við ástandið fyrir 1952. Mætti setja heildarmagnið 5 þús. tonn, og er þá miðað við, að taka muni fyrir skarkolaveiði útlendinga að mestu. Yrði að breyta þessari tölu, ef reynsla næstu ára gefur tilefni til.

Ekki er ástæða til þess að takmarka heildarveiði annarra tegunda að svo stöddu, því að eins og að framan greinir munu bolfiskar, svo sem ýsa og þorskur, njóta betur aukinnar möskvastærðar.

Nákvæmar tölur um skiptingu aflans eftir veiðisvæðum eru ekki til, en samkvæmt tölum úr „Ægi“ um aðkeypt magn til hraðfrystihúsanna á árunum 1948—50 skiptist skarkolamagnið þannig á landsfjórðunga: Sunnlendingafjórðungur 46%, Vestfirðingafjórðungur 29.2%, Norðlendingafjórðungur 10.5% og Austfirðingafjórðungur 14.3%. Mætti notast við tölur þessar um skiptingu aflamagnsins eftir svæðum, ef skömmtun slík yrði talin nauðsynleg.

Veiðitímann ætti að miða við það, sem vitað er um göngur og hrygningu skarkolans. Þegar líður á sumarið, fer stærsti kolinn, sá sem orðinn er kynþroska, að leita út að hrygningarstöðvunum, sem hér við land eru aðallega á 75—100 metra dýpi. Yngri og óþroska fiskur leitar líka að haustinu út á við frá ströndinni, en þó ekki eins djúpt og fullorðni fiskurinn. Vegna þessara hreyfinga fisksins verður álagið á unga fiskinn á grunnmiðunum því meira sem líður á haustið og veturinn. Göngur þessar munu byrja í september, og benda merkingartilraunir við Vestfirði til þess, að mikið af skarkola í fjörðunum þar sé komið á djúpmið í október. Að vorinu gengur kolinn til baka, og samkvæmt athugunum í Faxaflóa munu þær göngur að mestu um garð gengnar í lok maí. Miðað við þetta væri æskilegt að banna dragnótaveiðar frá 1. október til 1. júní næsta ár á eftir. Hér er ef til vill tekið fullmikið tillit til skarkolans, og væri hugsanlegt að framlengja veiðitímabilið til 1. nóvember, svo að tekið væri tillit til annarra tegunda, sem bera uppi veiðina.

Hinar fyrirhuguðu dragnótaveiðar eiga fyrst og fremst að vera lyftistöng fyrir smábátautgerð og fiskiðjuver í dreifbýlinu, og þarf því að tryggja sem réttlátasta skiptingu aflans. Þetta er hægt að gera með því að miða veiðarnar við leyfi, sem bæði væri tímabundið og staðbundið fyrir hvern bát. Þyrfti samráð um slíkt við Fiskifélag Íslands.

Hægt væri að miða veiðileyfi við ákveðna stærð skipa, t. d. undir 35 tonn.

Leggja skal blátt bann við, að dragnót verði notuð sem botnvarpa, þ. e. dregin eftir skipinu á ferð, og tryggja verður, að ákvæðin um möskvastærð verði haldin.

Það kemur einnig til greina að friða algerlega ákveðin svæði til verndar yngsta fiskinum.

Okkur Íslendingum ber að sjá sóma okkar í því að ofnýta ekki þessa fiskistofna, og verður ekki fylgt að gagni með stofnunum, nema að veiðileyfi verði bundin við ýtarlegar aflaskýrslur, sem semja skal í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideildina.

Með sérstakri virðingu,
Jón Jónsson, deildarstjóri.